

# Reglur um kjörgreinar við lagadeild Háskóla Íslands

*Samþykktar á deildarfundi í lagadeild 15. maí 2003,  
byggðar á minnisblaði PH og VMM, dags. 10. október 2002*

## 1. gr.

Vægi kjörgreina í kjörnámi/framhaldsnámi við lagadeild skal almennt vera þrjár einingar. Lagadeild ákveður fyrir 1. febrúar ár hvert hvaða kjörgreinar skulu vera í boði á næsta skólaári.

Almennt skal boðið upp á kennslu í kjörgrein á tveggja ára fresti. Þó má bjóða upp á kennslu í kjörgrein á hverju ári ef aðsókn er mikil og ekki er aðstaða til þess að kenna nema takmörkuðum fjölda stúdenta í einu.

Lagadeild getur ákveðið að bjóða upp á kennslu í kjörgrein, sem vegur eina einingu, með skemmri fyrirvara en greinir í 1. mgr., til viðbótar þeim kjörgreinum sem í boði eru.

## 2. gr.

Í kjörgrein, sem vegur þrjár einingar, skulu vera 36 kennslustundir í formi fyrirlestra og/eða umræðutíma. Ef stúdentum er gert að skila verkefni eða verkefnum, fækkar kennslustundum í samræmi við reglur sem deildarforseti setur.

## 3. gr.

Námsefni í kjörgrein, sem vegur þrjár einingar, skal vera 250 - 350 blaðsíður. Miðað er við að um sé að ræða fremur erfiðan texta, t.d. á erlendu tungumáli. Ef um er ræða auðlesinn texta skal námsefnið vera 400 - 550 blaðsíður. Lagatextar, lögskýringargögn og dómar teljast ekki til námsefnis nema þá skuli lesa sérstaklega til prófs. Sama á við um annað ítarefni. Víkja má frá framangreindum kröfum um námsefni í sérstökum tilvikum, t.d. þegar verið er að kenna kjörgrein í fyrsta sinn.

Umsjónarkennara ber að senda deildarforseta drög að kennsluáætlun fyrir hverja kjörgrein að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en kennsla hefst, þar sem m.a. skal koma fram fyrirhuguð kennslutilhögun og námsefni í greininni. Senda skal áætlun um námsefni til umsagnar tveggja kennara við deildina, sem deildarforseti tilnefnir í því skyni hverju sinni, og skulu þeir ganga úr skugga um hvort það er innan þeirra marka sem fram koma í 1. mgr. Rökstudd umsögn þeirra skal send deildarforseta og hlutaðeigandi umsjónarkennara eigi síðar en einum mánuði áður en kennsla hefst. Ef gerðar eru athugasemdir við áætlað námsefni og deildarforseti fellst á þær skal umsjónarkennari sjá til þess að gerðar verði breytingar á námsefninu áður en endanleg kennsluáætlun er lögð fram.

Ef kjörgrein hefur verið kennd áður og námsefni samþykkt skv. 2. mgr. er ekki þörf á að senda kennsluáætlun til umsagnar að nýju nema gerðar hafi verið umtalsverðar breytingar á námsefninu. Þó skal ávallt senda deildarforseta fyrirhugaða kennsluáætlun og námsefni í tæka tíð ef vikið hefur verið frá almennum kröfum um námsefni, sbr. niðurlag 1. mgr.

## 4. gr.

Reglur þessar taka nú þegar gildi.

## Minnisblað Páls Hreinssonar og Viðars Mús Matthíassonar um samræmingu á námsefni o.fl. í kjörgreinum, dags. 10. október 2002.

Páli Hreinssyni (PH) og Viðari Má Matthíassyni (VMM) var falið að setja fram hugmyndir um einingafjölda og námsefni í kjörgreinum í lagadeild H.Í. og hugmyndir að samræmdum reglum um námsefni, verkefni og gæðastjórnun á námskeiðunum. Fundur þeirra var haldinn 30. ágúst og var málefnið þá til umfjöllunar og hefur verið rætt síðan. Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar eru nú lagðar fram til umræðu.

**1)** Í þriggja eininga námskeiði eru 30-36 kennslutímar.

Námsefni ætti að vera 100 til 120 bls. af erfiðu efni á hverja einingu. Til viðbótar ættu að koma lagatextar, dómar og annað sambærilegt efni, t.d. lögskýringargögn.

Ef um auðlesió efni er að ræða, ættu að vera 150-175 bls. á hverja einingu, þ.e. um 500 bls. af auðlesnu efni í 3 eininga námskeiði.

Almennt ætti að miða við að texti á erlendu máli teljist ekki auðlesió efni. Frá því verður þó að víkja, ef sérstakar ástæður eru til, textinn er t.d. lýsandi eingöngu.

Til viðbótar framangreindu ætti að koma ítarefni og þyrfti listi með slíku efni að liggja fyrir í upphafi námskeiðs.

Frá þessu verður að gera undantekningar t.d. þegar um ný námskeið er að ræða og ekki er til námsefni, t.d. vegna nýrrar löggjafar. Í þeim tilvikum verður að leggja mat á námsefnið á sérstökum forsendum.

Sérstaklega ber að taka fram, að framangreind viðmiðun 100 til 120 bls. af erfiðu efni á hverja einingu í kjörnami sýnist nokkuð strangari en t.d. í Árósum, en þaðan var notað efni til samanburðar. Þar sýnist gjarnan miðað við um 500 bls. heildarefni í 5 eininga kjörnami, en ekki er þó algert samræmi á milli námskeiða.

Rökin fyrir því að við verðum að miða við meira efni, eru fyrst og fremst þau, að námskeið okkar eru 3 einingar og efnisramminn er yfirleitt 300 til 400 síður, auk dóma og t.d. laga eða sáttmálatexta.

Þess skal einnig getið, að nemandi, sem er með 400 bls. í 3 eininga námskeiði og tekur fimm slík námskeið á önn þarf að lesa 2000 bls. auk dóma. Ef miðað er við að önnin sé 15 vikur, þ.e. fram til miðs apríl, les hann um 130 bls. á viku, þ.e. 26 bls. á hverjum virkum degi, auk dóma og laga-/sáttmálatexta. Það ætti ekki að vera of mikið efni, jafnvel þótt til viðbótar komi einhver verkefnavinna öðru hvoru.

**2)** Það þyrfti að vera ófrávíkjanleg regla, að kennari/umsjónarkennari leggi fram, áður en kennsla á námskeiði hefst, kennsluáætlun, þar sem fram komi umfjöllunarefni hvers dags, og helzt hvaða námsefni verði notað þann dag og hvaða af ítarefninu á við þann daginn.

**3)** Leggja þarf einnig áherzlu á að verkefni séu leyst í tímum eða milli kennsludaga. Við teljum ástæðu til að ætla að nemendur óski eftir þessu og telji að það skorti á slíkt í náminu.

**4)** Til þess að tryggja að farið sé að slíkum reglum þarf að ákveða hver eigi að sjá um að fylgjast með að námskeið í kjörgreinum uppfylli þau skilyrði sem sett eru. Lagt er til að samþykkja þurfi öll námskeið í kjörgreinum áður en það er sett fyrst á dagskrá og að upplýsa þurfi síðan um breytingar á námsefni. Sá sem samþykkir námskeið þarf að fá lista yfir námsefni og ítarefni og kost á því að kynna sér það. Öll námskeið, sem nú eru kennd þyrftu að fara í gegnum slíkt mat.

**5)** Fylgjast þarf með einkunnum í kjörgreinum og breytingum á þeim. Bera þarf saman einkunnir í einstökum kjörgreinum innbyrðis og fjalla um á kennarafundi.

**6)** Gera þarf ráðstafanir ef verulegur munur er á einkunnagjöf, sem ekki eru augljósar skýringar á.